


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	BHR 401 Hreyflar eldsneytisinnspautun ottó Kennsluáætlun 3. önn haust 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1		

Kennari	Bragi Finnbogason	Sk.st.	BFI
----------------	-------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið er yfir helstu gerðir innspautunarkerfa ottó hreyfla, vélrænar og rafrænar, einspíssa og fjölspíssa. Þjálfuð er viðhaldsvinna, svo sem síuskipti, hreinsun eða skipti á spíssum. Gerðar eru mælingar á fæði- og kerfisþrýstingi eldsneytis. Kynnt er notkun mæli- og prófunartækja, svo sem sveiflusjár, afgangreinis og skanna. Fjallað er um íkveikihættu og eitrunarhættu af útblástursgasi.

Markmið:

Nemandi þekki: Mæliatriði sem varða innspautunarkerfi, íkveikihættu vegna eldsneytis og eitrunarhættu af útblástursgasi, mæli- og prófunartæki: þrýstimæla, fjölsviðsmæla, sveiflusjár, afgangreini og skanna.

Nemandi geti: Lýst gerð og virkni helstu gerða eldsneytiskerfa ottó hreyfla, bent á helstu íhluti og lýst hlutverki þeirra, skipt um loft- og eldsneytissíu. Skipt um spíssa og/eða hreinsað þá, mælt fæði- og kerfisþrýstingi í eldsneytiskerfi og sótt bilanakóða í tölvu hreyfils með prófunartæki.

Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006.

Ritstjóri þýsku útgáfunnar er Rolf Gscheidle, Studiendirektor, Winnenden- Stuttgart.

Tækniupplýsingar fyrir þá bíla sem unnið verður við.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004.

Hefi kennara með tækniupplýsingum Toyota um 3ZZ og 4ZZ.

Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsefni lotunnar sem er um helstu gerðir innspautunarkerfa ottóhreyfla, vélrænar og rafrænar, einspíssa og fjölspíssa. Þjálfuð er viðhaldsvinna, svo sem síuskipti, hreinsun eða skipti á spíssum. Gerðar eru mælingar á fæði- og kerfisþrýstingi eldsneytis. Kynnt er notkun mæli- og prófunartækja, svo sem sveiflusjár, afgangreinis og skanna. Fjallað er um íkveikihættu og eitrunarhættu af útblástursgasi. Til að verkefni gildi til lokaekunnar verða nemendur að ná að lágmarki 5 á lokaprófi.

Verkefni:

Verklegt verkefni, skrifleg verkefni og lokapróf.


Námsmat og vægi námsþátta:


Próf 40%. Verkefni 40%. Ástundun 20%.

Annað:

Einkunn fyrir liðinn ástundun byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig endað í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

Dagsetning: 20.8.2013


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils